

Úrskurður nr. 6/2002

- **Tollflokkun**
- **Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru**

Kærð er niðurstaða tollstjóra sem birtist í “Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru” nr. 0200032, 0200033, 0200035 og 0200036, um tollflokkun á þrýstistillum. Ríkistollanefnd staðfesti tollflokkun tollstjóra.

Tollalög nr. 55/1987 100.gr., 101. gr. og 142. gr.

Með bréfi, dags. 31. maí 2002 sem barst nefndinni þann 3. júní s.á. kærir J, fyrir hönd G, tollflokkun á þrýstistillum. Fyrirtækið óskaði eftir bindandi upplýsingum um tollflokkun vörunnar. Um er að ræða fjórar gerðir af þrýstistillum. Tollstjóri gaf út niðurstöðu sína í “Bindandi upplýsingar um tollflokkun” vöru nr. 0200032, 0200033, 0200035 og 0200036 þar er varan er flokkuð í tnr. 8481.8000. Kærandi telur þetta ekki rétta tollflokkun og krefst þess að varan verði flokkuð í vörulið 9026.

Í kröfugerð kæranda kemur fram að hann telur að starfsmenn tollstjóra túlki upplýsingar úr skýringarhandbók Alþjóðatollastofnunarinnar ranglega varðandi þær vörur sem deilt er um tollflokkun á. Vísar hann til skýringa á bls. 1635 varðandi vörulið 9026 og bls. 1430 varðandi vörulið 8481 máli sínu til stuðnings. Varan sem deilt er um tollflokkun á er:

FIXICONTROL HT, vörunúmer 0200036, þrýstistillir fyrir lofttegundir. (Oxygen, Acetylene, Argon,Co2).

FIXICONTROL HT, vörunúmer 0200032 sem er þrýstistillir fyrir lofttegundir. (Oxygen og Acetylene).

REGULATOR UNICONTROL 100, vörunúmer 0200035, sýnir þrýsting og hægt er að stilla lítraflæði af lofti í gegnum hann.

REGULATOR UNICONTROL 500 vörunúmer 0200033 er þrýstistillir fyrir ýmsar lofttegundir. Með kærinni fylgdi upplýsingabæklingur frá GCE yfir vöruna.

Fram kemur í kærinni að öll þessi tæki séu sjálfstæð og notuð til að fylgjast með þrýstingi og flæði ýmissa lofttegunda frá geymi eða loftdælu (framleiðsla loftsins). Tækin séu aðallega notuð í framleiðsluinaði þar sem ýmissa lofttegunda er þörf s.s. í málmiðnaði. Enn fremur séu sams konar tæki einnig notuð við súrefnisgjöf á sjúkrahúsum og öndunarvélum en þá séu þau krómuð.

Þá segir að í flestum þeim tilfellum séu tækin skrúfuð beint á úrtak frá loka sem er á geymi, en einnig séu þessi tæki sett á enda kerfis (lagnir) eins og þekkt á sjúkrahúsum og á vinnustöðum þar sem margir notendur eru að sama geymi eða kerfi.

Kærandi segir tækin vera sjálfstæð tæki til að stilla þrýsting og flæði frá geymi að notanda en ekki hluti af loka eins og t.d. þrýstilokar, sem séu sambyggður loki og þrýstistillir og hleypir af við yfirþrýsting eða hitastýrður loki sem sé sambyggður loki og hitastillir og hleypi í gegn vökva eftir hitastigi hans, sbr. t.d. Danfoss lokar á heimilisofnum.

Eins og fram hefur komið vísar kærandi til skýringarhandbókar Alþjóðatollastofnunarinnar, bls. 1430 og telur að þessum tækjum sé frávísað úr vörulið 8481 yfir í 9026 og tollgæslan túlki (þýðir) ranglega orðalagið "*Combinations consisting of a tap, valve, etc*" en að mati kæranda er þar átt við að tæki sem séu sambyggð, þ.e. loki og þrýstitæki eða loki og hitastillir fari í vörulið 8481 en ef þessi tæki séu það ekki, eins og í þessu tilfelli þá fari þau í 9026 eða 9032 eftir atvikum. Sama sé átt við í skýringarhandbókunum á bls. 1635 við vörulið 9026 "*Measuring or checking instrument or apparatus of this heading combined with taps, valves etc*" en þar sé átt við að þau tæki geti fallið í vörulið 9026, en ef þau séu sambyggð (eða innbyggð) í loka flokkist þau í vörulið 8481.

Kærandi telur að þessi tæki eigi að tollflokkast skv. 1. gr. alm. túlkunarreglu tollskrár í tnr. 9026-2000, og hin kærða flokkun tollstjóra sé röng og þess krafist að hún verði felld úr gildi.

Ríkistollanefnd sendi kærana til umsagnar tollstjórans í Reykjavík með bréfi 3. júní 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 25. júní s.á. segir m.a. að um sé að ræða samsett tæki, úr loka með áföstum leiðslu- eða píputengjum. Við tækin séu festir mælar sem eru ýmist tveir þrýstingsmælar eða þrýstingsmælir og rennslismælir fyrir lofttegundir.

Unicontrol 500 sé loki með þrýstilétti sem við eru tengdir tveir þrýstingsmælar. Hann er notaður við logskurð og suðu. Annar mælirinn sýnir þrýstinginn í gaskútnum eða lögninni sem fæðir logsuðutækið, hinn sýnir vinnsluþrýstinginn, eða hve hár þrýstingurinn á gasinu er í logsuðutækinu sjálfu þegar opnað hefur verið fyrir lokann. Þrýstingnum í logsuðutækinu er stjórnað með snerli á lokanum.

Af Fixicontrol HT eru tvær gerðir, önnur er loki með tvo þrýstingsmæla og er notuð á sama hátt og Unicontrol 500, þ.e. til logskurðar og suðu og sýnir bæði geymis- og vinnsluþrýsting. Sérstaklega er tekið fram í bæklingnum sem lýsir þessu tæki að til þess að auðvelda stjórnun vinnsluþrýstingsins sé eingöngu einn snerill á tækinu.

Hin gerðin af Fixicontrol HT er loki með þrýstingsmæli fyrir kút og rennslismæli fyrir vinnslugasið. Hann er ætlaður fyrir Argon gas eða koldíoxíð, þ.e. hlífðargasið við suðuna þar sem tækið með tveimur þrýstingsmælum er hins vegar ætlað fyrir súrefni eða brennslugasið. Þar er einnig sérstaklega tekið fram að til þess að auðvelda stjórnun vinnsluþrýstingsins sé eingöngu á tækinu einn snerill.

Unicontrol 100 er hannaður fyrir Argon gas eða koldíoxíð. Hann er loki með þrýstingsmæli fyrir kút og rennslismæli. Vinnsluþrýstingurinn er fastsettur við

2.5 bör. Rennslinu er stjórnað með snerli sem er á lokanum. Síðan segir í kröfugerð tollstjóra: "Deilt er um hvort tækin flokkist í vörulið 8481, lokar og áþekk tæki eða í vörulið 9026 mælitæki. Eins og fyrr segir er um að ræða samsett tæki. Þau eru samsett aðallega úr lokum og krönum sem sérinnfluttir myndu flokkast í vörulið 8481, og þrýstings- og rennslismælum, sem flokkast í vörulið 9026. Að auki er við þau fest leiðslu- eða píputengi sem flokkast mundu eftir efninu í viðeigandi vörulið XV. flokks tollskrár. Tækjunum er ætlað að stjórna flæði lofttegunda frá gaskútum eða gasleiðslum til þeirra tækja sem nýta gasið, t.d. logsuðutæki. Með krana er loki opnaður uns æskilegum þrýstingi eða rennsli er náð. Mælarnir stjórna hvorki flæði eða þrýstingi.

Tollstjóri vísar til XVI. flokks tollskrár en þar er athugasemd sem leiðbeinir um flokkun samsettra tækja í þeim flokki, en hún er svo hljóðandi:

"3. Leiði ekki annað af orðalagi flokkast vélasamstæður, settar saman í eina heild úr tveimur eða fleiri vélum og aðrar vélar gerðar til að framkvæma tvö eða fleiri verkatriði, saman eða sér, eins og um væri að ræða þann vélarhluta eða þá vél sem gegnir höfuðhlutverkinu."

Skýringar við vörulið 9026, á bls. 1635 í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar tiltaka að áhöld og tæki til mælinga og prófana í þeim vörulið sem samtengd eru krönum, lokum o.þ.h., skulu flokkuð eins og tiltekið er í skýringum við vörulið 8481. Þar segir, í 1. mgr. bls. 1430 að vöruliðurinn taki til krana, hana, loka og áþekkra tækja sem notuð eru á eða í pípur, tanka, ker eða þess háttar til að stýra rennsli (til aðdratta, losunar o.s.frv.), flæðiefna (vökva, seigfljótandi eða loftkenndra), eða, í sumum tilvikum, fastra efna (t.d. sands). Vöruliðurinn nær einnig til slíkra tækja sem hönnuð eru til að stýra þrýstingi eða rennslismagni vökva eða lofttegunda.

Tollstjóri telur því augljóst, í ljósi ofanritaðs að viðkomandi tæki séu aðallega ætluð til þess að stjórna rennsli lofttegunda, mælarnir séu einungis aukabúnaður til að auðvelda stillinguna og krefst þess að flokkunin á tækin Regulator UNICONTROL 500, Regulator UNICONTROL 100 og tvær gerðir af FIXICONTROL HT frá fyrirtækinu GCE, skuli flokkast í tnr. 8481.8000 á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár sbr. athugasemd 3 við XVI. flokk hennar.

Ríkistollanefnd sendi kæranda greinargerð tollstjórans í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 25. júní s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 15. júlí 2002 ítrekar kærandi það álit sitt að þessi tæki séu sjálfstæð og ætluð til að fylgjast með þrýstingi og flæði ýmissa lofttegunda frá geymi eða vélbúnaði að notkun. Þau samanstandi af þrýstingsmæli og mæli sem sýni flæði. Þá sé á tækinu búnaður (regulator) til að draga niður í því flæði sem kemur beint frá geymi eða vélbúnaði. Þessi regulator (stillir) sé ekki gerður til að loka fyrir streymið, heldur til að auðvelda skömmtun og sé faststilltur á ákveðinn hámarksþrýsting sem hægt sé að færa niður samkvæmt mælunum, en það verður að vera loki annars staðar til þess að loka fullkomlega fyrir streymið.

Þá er kærandi ekki sammála því sem fram kemur í kröfugerð tollstjóra að mælarnir séu aukabúnaður til að auðvelda stillingu á flæðinu. Þeir séu

nefnilega aðalatriðið svo að hægt sé að nota rétt magn viðkomandi lofttegunda við það verkefni sem er verið að framkvæma.

Kærandi ítrekar þá skoðun sína að tollstjóri leggi rangan skilning í það sem fram kemur í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar við vörulið 8481.

Að lokum segir að tækin sem um ræðir séu ekki til þess að loka fyrir streymi lofttegunda heldur aðallega til að fylgjast með að rétt magn fari í gegn og að fylgjast með þrýstingi á geymi. Á tækjunum sé regulator sem sé faststilltur að hámarki en hægt sé að draga niður flæðið með einum takka til hagræðis. Þá þarf ekki að nota loka sem sé grófari og erfitt að fínstilla flæði með þeim hætti. Með vísan í ofanritað er þess krafist að tollflokkun tollstjóra um tollflokkun á tækjunum verði hnekkt og tækin flokkuð í tnr. 9026-2000 skv. 1. almennu túlkunarreglu tollskrár.

Í umfjöllun ríkistollanefndar segir að tæki þau sem hér eru til umfjöllunar séu þrýstingsstillar frá GCE Norden AB. Í bæklingum frá fyrirtækinu komi fram upplýsingar um tækin og eru þær þessar helstar: Fixicontrol HT er þrýstingsstillir fyrir ýmsar lofttegundir. Þrýstingsstillinum er ætlað að halda stillanlegum þrýstingi frá efnis-tanki/flösku vegna ýmiss konar notkunar. Sérstaklega er tekið fram að tækið henti til dæmis fyrir logsuðu, kveikjun eða við tæki sem hita með gasi með notkun allt að 2500 lítra/klst. Stilling á þrýstingi frá tækinu fer fram með handfangi og sýna tveir mælur þrýsting inn að tækinu annars vegar og þrýsting frá tækinu hins vegar (sem er hinn stillti þrýstingur). Tækið er útfært með tengi fyrir 5 mm gasslöngu.

Þá er enn fremur lýsing á Fixicontrol HT (sama og að ofan) en nú í útfærslu flæðistillis. Þannig ræður tækið við að stilla flæði á sambærilegan hátt og tækið að ofan. Á tækinu eru þá notaðir tveir mælur annars vegar þrýstingsmælur sem ætlað er að sýna þrýsting inn á tækið og hins vegar mælur sem sýnir flæði í L/mínútu út úr tækinu. Stilling á flæði er gerð með handfangi. Þetta tæki er gert til að stýra allt að 22 L flæði á mínútu.

Unicontrol 100 er hannað fyrir Mison/Argon sem eru hlífðargös fyrir rafsuðu. Tækið er stillt á fastan þrýsting 2,5 bör og útfært með flæðistilli. Stillisvið er 30L/mínútu.

Unicontrol 500 er þrýstistillir hannaður fyrir flest iðnaðargös þ.m.t. súrefni. Sérstaklega er tekið fram að tækið henti flestri notkun við gasskurð og suðu. Stilling á þrýstingi frá tækinu fer fram með handfangi og sýna tveir mælur þrýsting inn að tækinu annars vegar og þrýsting frá tækinu hins vegar (sem er hinn stillti þrýstingur).

Nefndarmenn eru sammála um að búnaður sá sem hér er deilt um tollflokkun á sé fyrst og fremst ætlaður til að stilla þrýsting eða flæði á rétt svið fyrir ákveðna notkun. Búnaðurinn sé fyrst og fremst reglir (regulator). Aðaltilgangur hans sé ekki að mæla eða gæta heldur að stilla þrýsting eða rétt flæði fyrir vökva eða lofttegundir fyrir ákveðna notkun. Mælur þeir sem fylgja tækjunum eru til að sannreyna annars vegar þrýsting inn á tækið og hins vegar stýrðar stærðir út frá tækinu (þrýsting eða flæði). Tækin eru hönnuð til þess að vera

tengd krönum/stútum á þrýstikútum. Á slíkum kútum eru kranar sem loka fyrir streymið að tækjunum. Í skýringarbók Alþjóðatollstofnunarinnar um vörulið 8481 segir m.a. í 1. málsgrein að vöruliðurinn taki til búnaðar sem sé hannaður til að regla þrýsting, flæði gass eða vökva. Þá segir enn fremur í 2. málsgrein að slíkur búnaður regli flæðið með opnun/lokun á opi, hann geti verið handstýrður eða búinn sjálfvirkum búnaði svo sem gormi, andvægi, floti o.s.frv. Í 4. málsgrein segir enn fremur að samsetningar af krönum, ventlum og lokum og áþekkra vara og búnaði til hitastillunar, þrýstistillunar eða hverjum öðrum mælibúnaði, prófunarbúnaði eða búnaði til sjálfvirkrar reglunar eða tækjum sem getið er í 90.26 eða 90.32 skuli falla undir 8481 ef tækið er tengt eða hannað til tengingar á krana eða ventla og tækið hafi þannig einkenni yfirskriftar kaflans.

Með hliðsjón af framanskráðu og framkomnum rökstuðningi í kröfugerð tollstjórans í Reykjavík er það samdóma álit nefndarmanna að búnaðinum sé best lýst í vörulið 8481 og staðfesta tollflokkun í hinu kærða álit tollstjóra.